

Foreldrafélag Vinagarðs leikskóla KFUM og KFUK

Stofnfundur

14. mars 2016 haldinn á Holtavegi 28

Fundur settur kl. 22:30.

Guðmundur Karl Einarsson stýrði fundinum og ritaði fundargerð. Mætingarlisti fylgir í viðhengi en foreldrar barna á leikskólanum og starfsfólk voru boðaðir á fundinn.

Fyrir fundinum lá tillaga að stofnun Foreldrafélags Vinagarðs leikskóla KFUM og KFUK. Félagið var í reynd stofnað í febrúar 2001 en hefur verið rekið á kennitölu leikskólans. Stjórn félagsins sem kjörin var haustið 2015 ákvað í samráði við leikskólalastjóra að stofna foreldrafélagið með sérstaka kennitölu. Guðmundur fór yfir þetta á fundinum.

Tillaga að lögum félagsins var lögð fyrir fundinn. Þrjár breytingartillögur komu fram:

- 1. grein: Póstnúmerið er 104 en ekki 105
- 7. grein: Aðalfundur sé haldinn fyrir 15. október ár hvert en ekki 1. október.
- 7. grein: Ákvæði um að eitt atkvæði fylgi hverju barni tekið út.

Tillagan lögð fram með áorðnum breytingum. Samþykkt samhljóða.

Eftirtaldir buðu sig fram til stjórnarsetu. Fundarmenn greiddu atkvæði í leynilegri kosningu og féllu atkvæði þannig:

- Kristín Helga Waage Knútsdóttir (14)
- Guðmundur Karl Einarsson (14)
- Alda Jónsdóttir (14)
- Berglind Ósk Þorsteinsdóttir (12)
- Berglind Ingvarsdóttir (14)
- Oddný Anna Kjartansdóttir (0)
- Ragnar Björgvinsson (2)

Í samræmi við lög félagsins teljast Kristín Helga, Guðmundur Karl, Alda, Berglind Ósk og Berglind réttkjörnir aðalmenn en Oddný Anna og Ragnar varamenn.

Fundi slitið kl. 22:50.

Kristín Helga Waage Knútsdóttir

Guðmundur Karl Einarsson

Alda Jónsdóttir

Berglind Ósk Þorsteinsdóttir

Berglind Ingvarsdóttir